

Gjört í París hinn 20. marz 1952, með enskum og frönskum texta, sem báðir eru jafngildir, í einu eintaki, er varðveita skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritari skal senda staðfest endurrit hverju ríki, sem undirritað hefur viðbótarsamninginn.

Done at Paris on the 20th day of March 1952, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory Governments. 11
9. febr.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóða fjarskiptasamnings.

12

9. febr.

Hinn 22. desember 1952 var undirritaður fyrir hönd Íslands á alþjóða fjarskiptaráðstefnu í Buenos Aires alþjóðasamningur um fjarskipti ásamt viðbótarsamningi.

Fullgildingarskjal Íslands varðandi samninga þessa hefur verið afhent svissneska utanríkisráðuneytinu hinn 15. október 1953.

Samningarnir gengu í gildi fyrir Ísland hinn 1. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðapóstsamninga.

13

9. febr.

Hinn 22. apríl 1953 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi alþjóða póstsamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Bruxelles hinn 11. júlí 1952. Samningarnir, sem póststjórnin hefur gefið út í íslenskri þýðingu, eru þessir:

1. a. Alþjóðapóstsamningur.
b. Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.
c. Starfsreglugerð alþjóðapóstsamnings.
d. Bréfapóstsendingar loftleiðis.
2. a. Samningur um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
3. a. Samningur um póstböggla.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð samningsins um póstböggla.
4. a. Samningur um póstávisanir og ferðapóstávisanir.
b. Starfsreglugerð samningsins um póstávisanir og ferðapóstávisanir.
5. a. Samningur um póströfusendingar.
b. Starfsreglugerð samningsins um póströfusendingar.

- 13 6. a. Samningur um póstinnheimtur.
9 febr. b. Starfsreglugerð samningsins um póstinnheimtur.
Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í belgiska utanríkisráðuneytinu hinn 6. maí 1953, og gengu téðir samningar í gildi hinn 1. júlí 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

14
10. febr.

AUGLÝSING

um milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Hinn 20. júlí 1953 var í Reykjavík undirritaður milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Forseti Íslands undirritaði fullgildingarskjal Íslands að samningnum 22. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

Milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

Forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson.

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Vinnu- og félagsmálaráðherra Poul Sörensen.

Hans Hátign konungur Noregs:

Félagsmálaráðherra Aaslaug Aasland.

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

Félagsmálaráðherra G. E. Sträng,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi: